



Mál nr. 2022110184

Dags: 22.11.2022

Minnisblað

Sendandi: Ungmennaráð Reykjanesbæjar

Viðtakandi: Fræðsluráð

Efni: Tillaga fræðsluráðs um tillögu ungmennaráðs um fríar tíðarvörur í grunnskóla

Á fundi fræðsluráðs þann 11. nóvember sl. var fjallað um hugmynd sem ungmennaráðið kynnti á fundi með bæjarstjórn 1. nóv. sl. um að hafa ókeypis tíðarvörur á salernum skólanna líkt og gert er í félagsmiðstöðinni Fjörheimum. Ungmennaráðið fagnar því að hugmyndin hafi verið tekin fyrir í fræðsluráði og að unnið verði áfram með hana í samstarfi við skólastjórnendur.

Þegar unnið er með hugmyndir sem hafa áhrif á börn, hvort sem hugmyndin kemur frá börnum í ungmennaráði, öðrum börnum í sveitarfélaginu eða fullorðnum er mikilvægt að skoða þátttöku barna, hvort hún sé merkingarbær og hversu mikið vægi þátttaka barna fær. Ungmennaráðið telur mikilvægt að unnið sé áfram með framangreinda hugmynd í samráði við börn. Ungmennaráð leggur til að samhliða kostnaðarmati verði einnig unnið með nemendum að tillögum að útfærslum í hverjum skóla fyrir sig. Einnig er mikilvægt þegar börn koma með hugmyndir að þau fái *endurgjöf* sem gerir þeim kleift að skilja grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar hafa verið.

Hugmyndin var sett fram að frumkvæði barna en ákvarðanatökan verður alfarið í höndum fullorðinna, sbr. bókun fræðsluráðs undir málinu. Lagt er til að börn taki ákvörðun um útfærslu í sameiningu með fullorðnum þátttakendum. Ef sú leið er farin fær þátttaka barna meira vægi og þátttakan komin í þrep átta í þáttökustiga Roger Hart's. Hart skilgreinir þátttöku sem ferli í átta þrepum. Eftir því sem ofar er komið í stiganum fær þátttaka barna meira vægi.¹

Ungmennaráð fagnar tillögu fræðsluráðs en telur að gott hefði verið að leggja hana til umsagnar hjá ungmennaráði. Ungmennaráð fór yfir tillögu fræðsluráðs á fundi ráðsins 22.nóvember s.l. og vill setja fram 2 athugasemdir við tillögu fræðsluráðs og eina ráðleggingu sem gott er að hafa í huga við útfærslu.

¹ Nánar má lesa um þáttökustiga Roger Hart á bls. 26-27 í skýrslu Umboðsmanns barna „[Þátttaka barna í stefnumótun og ákvörðunum](#)“ sem var unnin fyrir félagsmálaráðuneytið árið 2019.



1. Ungmennaráð telur varhugavert að tíðarvörur verði fáanlegar á a.m.k **einu** klósetti í grunnskólum og telur að þær þurfi að vera á a.m.k **tveimur** einstaklingsklósettum eða fáanlegar á fleiri en einum stað í skólanum án aðstoðar starfsmanna. Annars er hætta að skömm fylgi því að fara á „túrklósettið“ – Hugmyndin með að hafa tíðarvörur fáanlegar á salernum grunnskólana er að gera tíðarvörur jafn eðlilegar og klósettpappír – ef að það væri bara eitt salerni í grunnskólum Reykjanesbæjar með klósettpappír þá þætti það skrítið...
2. Ungmennaráð telur nauðsynlegt að hugmyndin sé unnin með nemendaráði eða öðrum hópi nemenda hvers skóla á merkingarbæran hátt og að þau hafi mikið um það að segja hvernig hugmyndin sé útfærð og hvernig.

Ráðlegging við útfærslu verkefnisins

Tíðarvörur verði hafðar á salerni grunnskólans í a.m.k eitt ár sama hvað kemur uppá. Dæmi er um í öðrum stofnunum á landsvísu að eftir eitt til tvö atvik þar sem tíðarvörum var dreift um alla vegg og stolið að þá var þessari þjónustu hætt. Leghöfum geta ekki verið refsað fyrir hegðunarvanda nokkurra einstaklinga.

Ungmennaráð þakkar fræðsluráði fyrir að taka vel í tillögu þeirra og tekur fram að þetta minnisblað er ekki sett fram til að „skamma“ eða til að gagnrýna heldur til að benda á að þegar ungmennaráð leggur fram tillögu að unnið sé með okkur í útfærslu þeirra og/eða að gefin sé góð endurgjöf um það hvernig á að eða ekki eigi að vinna með tillögunum.

Með von um að fræðsluráð taki vel í athugasemdir ungmennaráðs

Virðingarfyllt,

Ungmennaráð Reykjanesbæjar